

**Sp. 332. Tillaga til þingsályktunar** [174. mál]  
um lækkun og niðurfellingu opinberra gjalda á íþróttavörum.

Flm.: Ellert B. Schram, Einar Ágústsson, Árni Gunnarsson, Lúðvík Jósepsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að

- a) gera breytingar á tollskrá, þar sem tollar á íþróttavörum eru samræmdir og lækkaðir,
- b) fella niður vörugjald á íþróttavörum.

Ofangreindar breytingar verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi, þannig að þær geti hlotið afgreiðslu jafnhliða næstu fjárlögum.

#### Greinargerð.

Íþróttir njóta almennra vinsælda ungra sem gamalla. Innan vébanda Íþróttasambands Íslands eru skráðir nær 70 þúsund félagar, sem eru fyrst og fremst fólk sem stundar keppnisíþróttir á vegum einstakra íþróttafélaga. Þessum hópi til við-

bótar stundar gífurlegur fjöldi almennings íþróttir sér til skemmtunar og heilsu-ræktar. Knattleiksíþróttir hvers konar hafa lengi verið hvað vinsælastar hér á landi, en á síðari árum hefur sókn fólks í skíðaíþróttina vaxið stórlega með bættri aðstöðu hvarvetna um landið. Sundáhugi Íslendinga er löngu viðurkenndur og rómaður, golf, skák og margar fleiri íþróttagreinar hafa eflst mjög á seinni árum.

Í raun og veru má fullyrða að íþróttir séu ekki lengur einkamál fárra keppnis-manna, heldur eftirlæti landsmanna allra með einum eða öðrum hætti. Þessum íþróttáhuga ber að fagna og efla hann með öllum ráðum. Íþróttaiðkun stuðlar ekki eingöngu að bættri heilsu og aukinni útivist, heldur veitir mönnum gleði og glæðir frístundir fólks nýju lífi og fyllingu.

Mest allt íþróttastarf hér á landi hefur lengst af verið borið uppi af hinni frjálssu íþróttahreyfingu. Því miður hafa íþróttasamtökin oft á tíðum mætt tak-mörkuðum skilningi stjórnvalda og stjórnmalamanna. Hún hefur alla tíð búið við fjárhagslega kreppu og átt undir högg að sækja. Sem betur fer eru þessi viðhorf að breytast, enda þótt langt sé í land að opinber stuðningur sé í samræmi við það mikla starf, sem unnið er í íþróttahreyfingunni. Út í þá sálma verður ekki farið að sinni, en þessi tillaga er flutt til að auðvelda öllum almenningi að verða sér úti um þær vörur og þann búnað sem nauðsynlegur er til íþróttaiðkana. Hér er ekki um heinan fjárhagslegan stuðning að ræða við íþróttafélögin sjálf, en tillagan snýr að iðkendum sjálfum, öllum almenningi, ekki síst æskufólki, sem verður að langmestu leyti að kaupa sjálft þessar vörur, sem undantekningarlítið eru dýrar í verði.

Tollar og aðflutningsgjöld af íþróttavörum hafa til skamms tíma verið úr hófi fram. Þessar vörur hafa jafnvel verið skoðaðar sem lúxusvörur og verið tollaðar eftir því. Það gefur því auga leið, að það er fráleitt að ríkissjóður líti á innflutning slíkra vara sem umtalsverða tekjuöflunarleið, og brýtur þvert gegn því sjálf-sagða markmiði stjórnvalda að stuðla eigi að almennri líkamsrækt. Æskulýður landsins er stærsti notendahópur þessara vara og því stærsti tollgreiðandinn. Þessir þagnar eru efnaminnsti hluti þjóðarinnar og hafa því minnsta getu til að greiða skatta og gjöld. Aðstandendur þeirra eru oftast barnafjölskyldur sem ekki hafa úr of miklu að spila, en eru þó að reyna að afla alls konar íþróttatækja fyrir börn sín af litlum eignum.

Með breytingum á tollskrá, sem gerðar voru á árinu 1977, var nokkuð komið til móts við þau sjónarmið sem liggja að baki þessum tillöguflutningi, en þó hvergi nærri nóg. Enn eru fjölmargar íþróttavörur með 50% tolli. Auk þess er mikið ósamræmi á milli einstakra tollflokka á tollum af hliðstæðum vörum. Þannig má nefna, að skíðaskór eru í 25% tolli, en skíði og skíðastafir í 50% tolli. Slíkt ósamræmi þarf að leiðrétta. En hugmynd flutningsmanna er að allar íþróttavörur, sem tollur er greiddur af, beri sama toll, 10—12%. Íþróttavörur, svo sem skófatnaður, knattspyrnu-skór og sérlega hannaðir íþróttaskór fyrir innanhússíþróttir, þurfa að fá sérstök toll-númer, í stað þess að flokkast undir þau almennu tollnúmer þar sem almennur skó-fatnaður er.

Fjármálaráðherra upplýsti opinberlega nýlega, að hann hefði beitt sér gegn því, að vörugjald af íþróttavörum yrði hækkað upp í 30%. Þetta ber að þakka, enda ekki að efast um góðan hug og skilning núverandi fjármálaráðherra, sem og fyrirrennara hans, á nauðsyn úrbóta í þessum eignum. En lengra þarf að ganga, og því er lagt til að vörugjald verði algjörlega fellt niður á þeim vörum, sem hér um ræðir.

Samkvæmt lauslegri athugun, sem gerð hefur verið á aðflutningsgjöldum af íþróttavörum á árinu 1977, námu þau samtals 116 409 800 kr., og á árinu 1978 til 1. sept. námu þessi gjöld samtals 96 863 500 kr. eru þá ekki meðtalin gjöld af íþróttavörum.

skóm og íþróttafatnaði, sem ekki hefur verið mögulegt að sundurgreina frá öðrum skóm og almennum fatnaði. Ljóst er þó, að hér er um allnokkra upphæð að ræða, sem ekki skiptir þó sköpum fyrir ríkissjóð. Á það má jafnframt benda, að tollar verða ekki alfarið felldir niður og öruggt má telja að innflutningur mundi stórlega aukast, ef þessar vörur yrðu ódýrari. Þess vegna er ólíklegt að tap ríkisins yrði nokkuð þegar upp verður staðið, þótt tillaga þessi verði samþykkt.

Breyting í þessa átt kæmi einstökum íþróttafélögum og að miklu gagni, þar sem þau verða flest ef ekki öll að kaupa íþróttabúnað fyrir sitt keppnisfólk. Þau kaup mundu beinast í auknum mæli til innlendra verslana og létta að mun á þeim útgjöldum, sem íþróttafélögin standa undir að þessu leyti.

Þar sem hér er um tvö aðskilin mál að ræða, lagfæringu og lækkun tolla annars vegar og niðurfellingu vörugjalds hins vegar, en hvort tveggja krefst nokkurrar athugunar og aðlögunar, hefur verið tekinn sá kostur, að flytja í stað frumvarps, tillögu til þingsályktunar, sem gerir ráð fyrir að breytingarnar geti efnislega komist til framkvæmda jafnhliða afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

Flutningsmenn treysta því, að Alþingi sýni hug sinn til almenningsíþróttar í verki með samþykkt tillögunnar. Tillagan er að því leyti gagnleg og raunhæf, að hún snýr beint og milliliðalaust að hverjum þeim einstaklingi sem stunda vill íþróttir í lækkuðu vöruverði og hagkvæmari innkaupum.